

## AUGLÝSING

### um breytingu á aðalskipulagi Djúpavogshrepps 1989-2009, Innri Gleðivík.

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga, nr. 73/1997, hefur ráðherra þann 6. mars 2001 staðfest breytingu á aðalskipulagi Djúpavogshrepps 1989-2009 frá 14. júní 1990.

Breytingin varðar stækkun viðlegukants og iðnaðar- og athafnasvæðis við Innri Gleðivík.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki sveitarstjórnar Djúpavogshrepps. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

*Umhverfisstofnun, 6. mars 2001.*

F. h. r.

**Magnús Jóhannesson.**

---

*Sigríður Auður Arnardóttir.*